

48
5. apríl

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa
á tækjum til sildarvinnslu o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 15 millj. kr., innanlands eða erlendis, til kaupa á tækjum til sildarvinnslu og fleira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

49
5. apríl

L Ö G

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist orðin: Ef óskað er eftir ökuskirteini hjá lögreglustjóra utan heimasveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimasveit sinni.

2. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðarstjóraefni mega því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða undir almenna prófið hafa þeir einir, sem fengið hafa til þess löggildingu dómismálaráðherra. Engum má veita slíka löggildingu, nema hann sé 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, hafi leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga, hafi frá útgáfu þess leyfis stundað akstur að staðaldri, a. m. k. þann tíma, sem dómismálaráðherra ákveður í reglugerð, og hafi staðizt sérstakt próf fyrir ökukennara. Í reglugerð skal nánar kveðið á um prófgreinar og tilhögun prófsins svo og um, til hve langs tíma löggilding veitir rétt til ökukennslu. Dómismálaráðherrna getur, hvenær sem er, svipt menn ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.